

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1960.

Frá 1. minni hl. fjárveitinganefndar.

Þar sem fram hafa verið lögð á Alþingi að þessu sinni tvö fjárlagafrumvörp, þykir 1. minni hl. fjárveitinganefndar rétt að minnst þeirra beggja að nokkru, enda eru þau gott dæmi um þá algeru stefnubreytingu, er orðið hefur í efnahagsmálum þjóðarinnar á yfirstandandi Alþingi.

Í útvarpsræðu, er fyrrverandi fjármálaráðherra, Guðmundur Í Guðmundsson, flutti fyrir síðustu kosningar, lýsti hann því yfir, að fjárlagafrumvarp það, er hann legði fram á Alþingi að kosningum afstöðnum, yrði greiðsluhallalaust og spár um erfiðleika í fjármálum þjóðarinnar væru ástæðulausar og aðeins gerðar af vondum hug. Sömu sögu sögðu stjórnarliðar um afkomu atvinnuveganna í kosningabaráttunni. Útflutningssjóður stóð betur en nokkru sinni fyrr samkv. þeirra frásögn. Verðbólgan var stöðvuð án nýrra skatta. Óbreytt ástand var kjörorðið, að viðbættu því, að leiðin til *bættra lífskjara* væri að kjósa stjórnarflokkana. Út á þessi loforð tókst stjórnarliðum að ná naumum meiri hluta á Alþingi í kosningunum s. l. haust og mynda þá ríkisstjórn, er nú mótast stefnuna í málefnum þjóðarinnar. Með myndun hennar varð sú breyting á, að ráðherra var fjölgað og Sjálfstæðisflokkurinn tók opinberlega þátt í stjórnarstörfum í staðinn fyrir að láta Alþýðuflokkinn annast þau fyrir sig, enda voru kosningar afstaðnar og nú óhætt að ganga til þeirra verka, er að var stefnt.

Stöðvunarstefnan, sem á s. l. ári þótt „fögur hugsjón“, heyrir nú ekki lengur nefnd, enda hafði hún nú lokið hlutverki sínu: Dregið hefur verið úr áhrifavaldi landsbyggðarinnar með breyttri kjördæmaskipun, lækkað kaup, dregið úr uppbyggingu úti um landsbyggðina og skilað stjórnarliðum meiri hluta á Alþingi. Meðan forsvarsmenn þessarar stefnu prédikuðu, að málefni þjóðarinnar yrðu leyst í framtíðinni á sama hátt og gert var 1959, notuðu mennirnir, sem eiga peninga eða hafa ráð á þeim, „svikalognið“, er skapað hafði verið í efnahagsmálum, til að byggja hvert stórhýsið af öðru, svo sem sjá má í höfuðborg landsins, og munu þau verða eitt af því, er kemur til með að minna á þetta blekkingartímabil í sögu þjóðarinnar. Þá var stefnubreytingin í efnahagsmálum boðuð með 2—3 mánaða fyrirvara, og gafst þá gott tækifæri fyrir þá fjársterku til að búa sig undir það, sem koma átti. Munu slíks fá dæmi með öðrum þjóðum eða jafnvel engin, að gerbylting í efnahagskerfi hafi verið boðuð með svo löngum fyrirvara.

Fyrsti þáttur í störfum hinnar nýju ríkisstjórnar, er tók við völdum í byrjun þessa Alþings, var sá, að hún hafði að engu fjárlagafrumvarp það, er fyrrv. ríkisstjórn hafði samið og hælt sér af, sem fyrr greinir. Enginn fékkst til að mæla fyrir því. Afdrif þess urðu í stuttu máli þau, að það hafnaði í bréfaörfunni ásamt kosningaloforðum núverandi stjórnarflokka um „óbreytt ástand“ og stöðvun verðbólgu án nýrra skatta. Hætt var að tala um leiðina til *bættra lífskjara*, en í þess stað, að þjóðin lifði um efni fram og því yrði að breyta.

Þegar núverandi forsætisráðherra kynnti ríkisstjórn sína á fyrsta degi þessa þings, gaf hann yfirlýsingu um, að fjármálaástand þjóðarinnar væri alvarlegt, en skýrði það ekki nánar á Alþingi. En hann fór sama dag á fund í stjórnmalafélaginu „Verði“, á fyrsta degi ríkisstjórnarinnar, og sagði sínu fólki, að ástandið í efnahagsmálum væri ískyggilegra en menn grunaði og miklir erfiðleikar væru fram undan, þar sem nú skorti 250 millj. kr., er aflu þyrfti með nýjum álögum á þjóðina, svo að vel væri séð fyrir atvinnulífínu og fjármálum ríkissjóðs. Brá þjóðinni mjög í brún, er þessi tíðindi bárust, enda voru henni þá í fersku minni fullyrðingar stjórnarliða um „hreint borð“ í efnahagslífínu og góða afkomu í hvívetna.

Fleiri tíðindi gerast nú von bráðar. Það kom næst, að ríkisstjórnin ákvað að senda Alþingi heim eftir fárra daga setu. Til þess að stjórnin mætti koma þessum vilja sínum í framkvæmd, sameinaði hún í eitt frumvarp mörg lagafrumvörp til framlengingar á eldri tekjustofnum. Á þann hátt tókst henni að komast fram hjá eðlilegri málsmeðferð á Alþingi og notaði vald sitt á annan hátt, svo sem hún taldi sér fært.

Ríkisstjórnin beitti fyrir sig sem ástæðu fyrir þingfrestuninni, að hún þyrfti tíma og næði til þess að gera tillögur um nýtt efnahagskerfi, og til þess að faðerni á því yrði ekki í efa dregið, ákvað hún, að sem fæstir kæmu þar nærri, og vildi því losna við sitt eigið stuðningslið á Alþingi auk stjórnarandstöðunnar. Var þingmönnum þannig meinað að vinna að þingstörfum, eftir að ríkisstjórnin hafði barið þennan vilja sinn fram.

Þegar þinghlé hafði verið gert, bárust þar fréttir einar af ríkisstjórninni, að hún hefði dregið feld yfir höfuð sér og hugsaði sitt ráð, svo að engin vanhugsun né skekkja yrði í útreikningum. Þingmönnum bárust ekki frekari fréttir af tillögum ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum, fyrr en þeir mættu til þings að nýju.

Hin nýja stefna ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum hefur m. a. komið fram í eftirfarandi:

1. Fjárlagafrumvarpið hækkar frá fjárlögum 1959 um á fimmta hundrað milljóna króna.
2. Í lögum um efnahagsmál er breytt gengisskráningu íslenzkrar krónu, svo að erlendum gjaldeyrir hækkar í verði um 50—78%, og afnumdar sérþætur á útflutningi, en þeim þætti uppbótakerfisins þó haldið og við hann aukið, er að niðurgreiðslu snýr, og uppbætur á útfluttar landbúnaðarvörur eiga að haldast.
3. Stórfelld vaxtahækkun hefur verið ákveðin og starfsemi banka og sparisjóða gerð mjög ófrjáls, þar sem af þeim er tekinn helmingur af sparifjárukningu og ákvörðunarréttur um heildarútlán. Hluti af sparifé sparisjóða og innlánsdeilda kaupfélaga úti um land er dreginn til Reykjavíkur í stað þess að nota það sem aflagjafa í atvinnulífi og til uppbyggingar á heimastöðum.
4. Lagðir eru á stórfelldir nýir skattar, svo sem söluskattur, innflutningsgjald af benzíni, aukatekjur stórhækkaðar o. s. frv.

Það eru þrjú meginatriði í þessari nýju efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar, og verður hér nokkuð að þeim vikið.

1. Hún á að skapa samdrátt og kyrrstöðu í uppbyggingu atvinnu- og viðskiptalífs þjóðarinnar, sem bezt sést á því, að þrátt fyrir fólksfjölgun tveggja síðustu ára og aukna framleiðslu á að draga stórlega úr innflutningi til landsins frá því, sem hann var 1958, og á sama tíma er talað um að gefa 60% af innflutningi frjálsan. Slíkur samdráttur er að okkar dómi óframkvæmanlegur án þess að skapa algert vandræðaástand, og við munum ekki viðurkenna hann í okkar tillögum, en glögg er, hvað þeir vilja.

Í meira en þrjú áratugi hefur íslenska þjóðin unnið að því af kappi að byggja upp land sitt og rækta það. Hefur þjóðfélagið í heild lagt þar mikið til með framlögum til framkvæmda, hagkvæmum framkvæmdalánum o. fl. Þessi stefna hefur gert þjóðina athafnameiri en ella. Þjóðin hefur lagt hart að sér í uppbyggingu, enda er þátttaka almennings í atvinnulífinu meiri hér en gerist með öðrum þjóðum. Almenn velmegun er því meiri og færri auðmenn og fátæklingar. Vegna þeirrar bjartsýni og þess þróttar, sem uppbyggingarstefnan hefur skapað, hefur þjóðinni tekizt að ryðja sér braut frá fátækt til bjargálna á örstuttum tíma og aukið framleiðslu sína jafnt og þétt.

Þessu framfaratímabili skal nú lokið samkv. stefnu ríkisstjórnarinnar. Dregið skal stórlega úr stuðningi við uppbygginguna: vextir hækkaðir, lánstími stytur, fjárframlög minnkuð, auðmenn og braskarar geta einir lagt í fjárfestingu. Hugtak eins og jafnvægi í byggð landsins á nú að tilheyra fortíðinni, en upp tekin sú regla að nota fjármagnið þar, sem það borgar sig bezt í augnablikinu.

2. Því virðast engin takmörk sett, hvað ríkisstjórnin leyfir sér að leggja á almenning af nýjum álögum.

Þegar forsætisráðherra skýrði frá því á Varðarfundinum 20. nóv. s. l., að nú þyrfti að leggja á þjóðina 250 millj. kr. nýjar álögur vegna ríkissjóðs og atvinnuveganna, þótti bæði honum og þjóðinni allri að vonum nóg um. En hvað hefur gerzt síðan? Eru það aðeins 250 millj. kr., sem á almenning hafa verið lagðar í nýjum álögum? Það skal nú athugað nokkru nánar.

Álögur þær, er á almenning voru lagðar með breytingu á gengisskráningu og vaxtahækkun, munu nema a. m. k. um 650 millj. kr., þegar frá er dregið það, sem gengur inn og út í dæminu vegna atvinnuveganna og til fjölskyldubóta.

Dæmið verður þannig:

Nýju söluskattarnir á ári a. m. k. 370 millj. að frádragnum 20% til bæjar- og sveitarfélaga	296 millj. kr.
Hækkun á verðtolti og öðrum tekjum í sambandi við gengislækkunina (áætlun ríkisstjórnarinnar)	156 — —
Skattar látnir renna í ríkissjóð nú, sem áður runnu í útflutningssjóð, nettó (áætlun ríkisstjórnarinnar í fjárlagafrv.)	113 — —

565 millj. kr.

Lækkanir ríkisstjórnarinnar á sköttum til ríkissjóðs:

1. Lækkun á tekjuskatti (skv. áætlun ríkisstjórnarinnar)	73 millj. kr.
2. Brottfall söluskatts á innlendri framleiðslu og þjónustu, er rann til ríkissjóðs	35 — —
	108 millj. kr.

Nýjar álögur til ríkissjóðs	457 millj. kr.
Álögur vegna gengisbreytingar og vaxtahækkunar a. m. k.	650 — —

Álögur samtals a. m. k. 1107 millj. kr.

Þjóðin spyr: Er þörf á þessum álögum öllum? Svarið er á næsta leiti: Yfirlýsing forsætisráðherrans um 250 millj. í nóv. s. l. Það er þörfin. En það skulu menn íhuga, að hér er það að gerast, að ríkisstjórnin er að koma á nýrri skipan efnahagsmálanna, þar sem auðurinn á að ráða uppbyggingunni og fátæktin að vera skömmtunarstjóri. Þessara ráðstafana er sem sé alls ekki þörf til að jafna halla í þjóðarbúskapnum, en á hinn bóginn á að gera þær til þess að gerbreypa uppbyggingu þjóðfélagsins.

3. Stefna ríkisstjórnarinnar er að auka vald hennar og draga það úr höndum Alþingis. Ber þar fyrst að nefna þingfrestunina, sem gerð var til að komast hjá eðlilegri meðferð þingmála, eins og t. d. með bráðabirgðalögum um búvöruverð, og til að fá næði til að fullmóta stefnuna í efnahagsmálum að þingmönnum fjarverandi.

Ríkisstjórnin hefur látið gefa sér heimild til að ákveða, hvenær útflutningssjóður skuli lagður niður, og þar með vald til að afnema lög, sem Alþingi eitt á að gera, — enn fremur til að ákveða lánstíma og vaxtakjör fjárfestingarsjóða, eins og ræktunarsjóðs, fiskveiðasjóðs, byggingarsjóða sveitanna og ríkisins og margra annarra slíkra stofnana. Þetta var gert með lítilli lagagrein í óskyldum lögum.

Sama stefna er uppi í frv. um söluskatt. Þar fær ráðherra vald til að ákveða eftirgjöf og jafnvel sektir í sambandi við framkvæmd þeirrar löggjafar. Þá hefur ríkisstjórnin látið þinglið sitt samþykkja heimild sér til handa til að ákveða álagningu á tóbaksvörur. Sú hugkvæmni ríkisstjórnarinnar að láta setja fé til framkvæmda í samgöngum á landi á 20. gr. fjárlaga er af sama toga spunnin. Hér er verið að komast fram hjá löglega kosnum þingmönnum kjördæmanna til réttmætra áhrifa og þannig

meina þeim að gegna störfum, sem þeir eru kosnir til. Sækir hér ört og óhugnanlega í átt til einræðis.

Þessar skýringar munum við láta nægja um stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum.

Skal þá vikið að fjárlagafrv.

Það vekur allmikla undrun, að ekki er sjáanlegt, að gerð sé nokkur tilraun til sparnaðar í ríkisrekstrinum, þrátt fyrir öll gífuryrði stjórnarliða frá fyrri árum um það, að auðvelt væri að koma sparnaði við, ef ekki skorti réttisýni og kjark.

Í þessu sambandi þykir rétt að minna á orð fyrrv. fjármálaráðherra, Guðmundar Í. Guðmundssonar, í fjárlagaumræðum 20. apríl s. l. Þá sagði hann:

„En af þeirri reynslu og þeim kynnum, sem ég hef haft af þessum hlutum, þá er það sannfæring mín, að mikið megi niður færa og mikið megi spara í ríkisbákninu. Það hefur verið minnzt á utanríkismálin í þessu sambandi og fækkun sendiráða. Á það atriði var líka minnzt í fyrrv. ríkisstjórn. Ég benti á, að sá sparnaður, sem mér fundist liggja beinast við að gera og nauðsynlegt er að koma á, sé samfærsla hinna tveggja sendiráða, sem við höfum í París. Sú samfærsla er nauðsynleg, hún er sjálfögð.“

Hvað gerði fyrrv. ríkisstjórn til þess að koma sparnaðarvilja sínum fram? Aldrei hefur verið meiri þörf en nú á að draga úr kostnaði við utanríkisþjónustu, þar sem útgjöld á þeim lið fjárlaga hækka á 8. millj. kr. frá síðustu fjárlögum.

Núverandi formaður fjárveitinganefndar sagði þann 20. okt. 1958 m. a. þetta: „Það er áreiðanlega hægt að spara á mörgum sviðum.“

Stjórnarliðið hefur nú aðstöðu til þess að koma sparnaðarvilja sínum í framkvæmd, og nú biðum við og sjáum, hvað gerist.

Fjárveitinganefnd hefur unnið ótullega að fjárlagaafgreiðslunni, og henni hefur ekki veitt af þeim tíma, er hún hefur haft til verksins. Henni barst ekki tekjuáætlunin frá ríkisstjórninni fyrr en eftir hádegi s. l. laugardag, svo að sýnt er, að ekki var hraðinn meiri þar. Þá hefur nefndinni ekki tekizt enn að fá frá ríkisstjórninni sundurliðun á niðurgreiðslum yfirstandandi árs eða hvernig séð verði fyrir fjárúttegum til niðurgreiðslna á áburði og fóðurbæti, sem landbúnaðarráðherra lýsti yfir við setningu búnaðarþings að upp yrðu teknar, eða til útflutningsuppbóta vegna landbúnaðarvara. Það hefur ekki heldur tekizt að útvega sundurliðun á umframeyðslu s. l. ár á fé til flugvallagerða, sem nau þó um 6 millj. kr. eða litlu einu lægri fjárhæð en þá var varið á fjárlögum til þeirra framkvæmda. Þá virðist erfitt að fá nægjanlegar upplýsingar um þróun efnahagsmála s. l. ár. Má það þó merkilegt teljast, þar sem allar aðgerðir í efnahagsmálum nú voru a. m. k. í upphafi taldar standa í sambandi við þróun þeirra þá. Þó er það upplýst, að útflutningsbirgðir jukust í landinu yfir 80 millj. kr., en staða okkar út á við er talin hafa versnað um rúmar 90 millj. kr. Ekki er hér um mikið bil að ræða óbrúað, ef birgðaaukning hefði ekki átt sér stað.

Ekki tókst í fjárveitinganefnd að fá tekjur ríkissjóðs af innflutningi 1958 út-reiknaðar, miðað við núverandi gengisskráningu, þótt eftir því væri óskað. En eðlilegt var að setja myndina upp á þann hátt einnig.

Sú venja hefur verið viðhöfð í fjárveitinganefnd, að nefndin samþykki heildarfjárhæð til verklegra framkvæmda, svo sem til vega, brúa, hafna o. fl. Síðan hefur hlutaðeigandi embættismanni verið falið að gera tillögur um skiptingu á fjárhæðinni. Þingmenn hlutaðeigandi kjördæmis hafa svo gert í samráði við embættismennina breytingar á skiptingu innan síns kjördæmis, ef þeir hafa óskað.

Nú var þessu hagað á annan veg. Embættismennirnir voru látnir skipta þeirri upphæð, sem í fjárlagafrumvarpinu fólst, án þess að nefndin hefði samþykkt, hverju skipta ætti. Tillögur embættismannanna voru svo lagðar fyrir þingmenn hlutaðeigandi kjördæma. Því var lýst yfir af hálfu meiri hluta fjárveitinganefndar, að þar sem allir þingmenn kjördæmisins væru á eitt sáttir um skiptinguna, mundi meiri hlutinn gera þá skiptatillögu að sinni. Hins vegar tók meiri hlutinn upp

sem sína tillögu skiptatillögur frá einum af 5 þingmönnum sama kjördæmis, og jafnvel voru tillögur frá varaþingmanni, sem hættur var þingstörfum, teknar fram yfir tillögur þingmanna kjördæmisins og vegamálastjóra. Í öðru tilfelli fóru stjórnarstuðningsmenn með sínar tillögur beint í fjárveitinganefnd, án þess að þær hefðu hlotið afgreiðslu hjá þingmönnum hlutaðeigandi kjördæmis sameiginlega. Á þessi sýnishorn er bent hér, svo að þjóðinni verði það betur ljóst en orðið er, hvaða samstarfshneigð gekk stjórnarliðum til með sameiningu kjördæmanna.

Eins og fram kemur í álitu meiri hluta fjárveitinganefndar, stöndum við, fulltrúar Framsóknarflokksins í fjárveitinganefnd, að flutningi á útgjaldatillögum fjárveitinganefndar með þeim fyrirvara, að við erum óbundnir af fylgi við einstakar tillögur.

Um verklegar framkvæmdir er það að segja, að við lögðum til í nefndinni að hækka stórlega framlag til vega, brúa og hafna. Tillögur þessar voru felldar, og flytjum við tillögur um breytingar á þessum liðum. Þróunin hefur færzt iskyggilega í það horf, að þessir liðir dragist aftur úr í fjárlögum, og viljum við ekki una því.

Eins og fyrr er greint í nefndarálitu okkar, eru tekjur fjárlagafrv. óraunhæft áætlaðar. Enda þótt við séum fylgismenn þeirrar stefnu í fjárlagaafgreiðslu að áætla tekjur varlega, munum við ekki geta viðurkennt þá tekjuáætlun, sem meiri hlutinn gerir að þessu sinni, sem raunhæfa. Þar er verið að leyna tekjum í stórum stíl.

Ef innflutningur ársins 1958 er tekinn til samanburðar og reiknað með núverandi gengisskráningu, kemur í ljós, að tekjur til ríkissjóðs af þeim tekjustofnum, er þá giltu, eru mun hærri en gert er ráð fyrir í tillögum meiri hl. fjárveitinganefndar. T. d. munu eftirtaldir tekjuliðir fjárlaga gefa þær tekjur, er hér greinir, miðað við sama innflutning og þá var:

	Tillögur stjórnarliða		
	1958	1960	Mismunur
Vörumagnstollur	36.3 millj.	33 millj.	3.3 millj.
Verðtollur	461.3 —	365 —	96.3 —
Innflutningsgjald	164.3 —	122 —	42.3 —
Söluskattur	195.9 —	157 —	38.7 —

Alls 210.3 millj.

Ekki er hægt að gera sér grein fyrir tekjum af tekjuskatti, þar sem boðað frumvarp um breytingar á tekjuskattslögum hefur ekki verið lagt fram á Alþingi. Hins vegar orkar það varla tvímælis, að fyrirhugaður söluskattur mun reynast drjúgum meiri tekjulind en áætlað er.

Um 2. gr.

Með tilliti til þess, sem nú hefur verið rakið, leggjum við til, að þessar breytingar verði gerðar á 2. gr. fjárlaga:

Verðtollur verði	410 millj. kr.
Innflutningsgjald verði	140 millj. kr.
Söluskattur verði	174 millj. kr.

Um tillögur þær, sem við flytjum til breytinga á útgjöldum ríkissjóðs, er þetta að segja í heild: Þær eru flestar miðaðar við þá höfuðstefnu okkar að halda áfram efnahagsuppbyggingu um land allt.

Um 12. gr.

Til læknaþustaða og sjúkrahúsa leggjum við til að verði varið 3 350 000 kr., en það er 500 þús. kr. hækkun. Þörfin, eins og nú er, er talin vera 5 millj. kr., og er hér reynt að koma lítils háttar til móts við hana.

Um 13. gr.

Við leggjum til, að eftirtaldir liðir verði sem hér segir:

Til nýrra akvega	22 770 000 kr.
Til brúargerða	14 940 000 —
Til fjallvega	1 500 000 —

Þá munum við enn á ný freista þess, að hækkun sú, sem varð á benzínjaldi, verði látin ganga til samgangna á landi. Við leggjum því til, að eftirtaldar fjárveitingar verði teknar upp í 13. gr. fjárlaga:

Til endurbyggingar þjóðvega verði	3.3 millj.
Til endurbyggingar gamalla brúa verði	2.925 millj.
Til brúasjóðs verði	1.5 millj.
Til steinsteypra vega verði	5 millj.

Þá leggjum við einnig til, að framlag til hafnargerða hækki í 15 565 000 kr. Er hér aðeins gert ráð fyrir hækkaðri fjárveitingu vegna verðhækkana af völdum efnahagsráðstafana, þó að frekari fjárveitinga væri þörf.

Við gerum ekki tillögur um að skipta þessu framkvæmdafé nú, heldur gerum ráð fyrir, að fjárveitinganefnd geri það fyrir 3. umræðu fjárlaga.

Mikla nauðsyn ber til, að vegagerð ríkisins hafi nokkurt fé til vélakaupa. Fjárlagafrv. gerði ráð fyrir 950 þús. kr. Við leggjum til, að þessi liður verði 1 950 000 kr.

Um 14. gr.

Fjárbörf íþróttasjóðs hefur farið sívaxandi, mun nú vera um 15 millj. kr. Við leggjum til að hækka þennan lið í 2.5 millj. kr. Tillagan bætir úr brýnustu þörf sjóðsins.

Um 15. gr.

Til kirkjubyggingasjóðs var greidd þrjú síðustu ár aukafjárveiting að fjárhæð 325 þús. kr. á ári. Gert er ráð fyrir, að hún falli nú niður. Fjárbörf sjóðsins er mikil. Við leggjum til, að hann fái að halda svipaðri fjárveitingu og hann hafði á s. l. ári og fjárveitingin verði 850 þús. kr.

Um 16. gr.

Stjórn vélasjóðs fór fram á það við ríkisstjórnina s. l. sumar að fá hækkað framlag til stofnkostnaðar vegna endurbóta og byggingar verkstæðishúss, svo að starfsskilyrði yrðu viðunandi. Við viljum nú taka þessa ósk til greina og leggjum því til, að liðurinn verði 650 þús. kr.

Niður var fellt úr fjárlögum í fyrra framlag til kaupa á jarðræktarvélum. Þá var til nokkurt geymslufé, nú er það protíð. Við leggjum til, að liðurinn verði tekinn upp að nýju og verði 3 millj. kr.

Verkfæranefnd ríkisins sækir um fjárveitingu til húsbygginga og áhaldakaupa. Við leggjum til, að tekin verði upp 50 þús. kr. fjárveiting til áhaldakaupa, þar sem nefndin yrði að hætta við fyrirhuguð áhaldakaup, ef fjárveiting fæst ekki, og liðurinn verði 250 þús. kr.

Þingmenn Framsóknarflokksins í efri deild hafa lagt fram frv. til laga um, að ríkissjóður taki að sér greiðslu á erlendum lánum, er tekin hafa verið vegna ræktunarsjóðs og byggingarsjóðs sveitabæja. Við leggjum því til, að fé verði veitt til þess á fjárlögum 1960, að fjárhæð 13.9 millj. kr.

Þá leggjum við til, að hækkuð verði fjárveiting til sandgræðslustöðva vegna verðhækkana og liðurinn verði 2 millj. kr.

Einnig leggjum við til, að fjárveiting til að gera tilraunir með áburðardreifingu úr flugvél verði aukin. Þessar tilraunir hafa heppnast vel, og teljum við, að nauðsyn beri til að halda þeim áfram með eðlilegum hraða. Tillaga okkar er, að liðurinn verði 500 þús. kr.

Til nautgriparæktarsambanda vegna stofnkostnaðar tilraunabúa til afkvæmarannsóknna gerði búnaðarmálastjóri tillögu um að varið yrði 450 þús. kr. Við tókum þessa tillögu upp. Hér er um nauðsynlegar tilraunir að ræða og mikið hagsmunamál fyrir landbúnaðinn. Fjárhagur þessara tilraunastöðva er það veikur, að starfsemi þeirra gæti verið hætta búin, ef eðlileg aðstoð bærisk ekki frá ríkisvaldinu.

Fiskifélag Íslands sótti um 3 millj. kr. til fiskimiðaleitar. Við gerum þá tillögu að okkar. Sýnt var fram á í greinargerð Fiskifélagsins, að sú fjárhæð mundi aðeins nægja til 66 daga úthalds, miðað við þá leigu, er var á skipum til fiskimiðaleitar s. l. ár. Ljóst er, að fiskimiðaleitin verður hverfandi, ef fjárhæðin verður ekki nema rúmlega helmingur af því, sem farið er fram á, þar sem $\frac{2}{3}$ úthaldstímans fara í siglingar. Árangur hefur oft orðið mikill af fiskimiðaleitinni, og er því illa farið, ef þjóðin þarf að skera hér við nögl sér.

Fiskifélagið sækir um framlag til síldarleitar og fiskirannsóknna að fjárhæð 3.4 millj. kr. Tökum við þær tillögur upp. Ekki þarf orðum að því að eyða, hvað síldveiði byggist orðið mikið á vísindalegri þekkingu og síldarleit. Því fjármagni er vel varið, er til þeirrar starfsemi gengur. Beiðni Fiskifélagsins er vel rökstudd og því ástæða til að verða við henni.

Einnig er sótt um, að fjárveiting til að gera tilraunir með síldveiðiaðferðir verði hækkuð í 2.5 millj. kr., og gerum við hana að tillögu okkar. Árangur hefur komið greinilega í ljós af þeim tilraunum, sem gerðar hafa verið í þessa átt. Okkur er búin sú hætta að dragast aftur úr öðrum þjóðum, ef fjármagn skortir til þessara tilrauna, og má slíkt ekki henda.

Við leggjum til, að framlag til fiskveiðasjóðs hækki í 6 millj. kr. Það er hækkun um 4 millj. Fiskveiðasjóður fær að vísu auknar tekjur vegna gengisbreytingarinnar. En fjárhæð hans vex þó mun meira vegna skipainnflutningsins, svo að sjóðinn mun nú skorta um 30 millj. kr. til að geta sinnt þeim verkefnum, sem vitað er um. Þessi fjárhæð bætir að vísu að litlu leyti úr þörfum sjóðsins, en það verður að telja eðlilegt, að aukin sé aðstoð ríkisvaldsins við atvinnuvegina: landbúnað, sjávarútveg og iðnað, þegar álögur á almenning hækka eins gífurlega og nú er.

Einnig er lagt til, að framlag til iðnlánasjóðs verði hækkað í 3.5 millj. kr. Sjóður þessi er mjög févana, en þörfin mikil og vaxandi. Er þetta því áfangi á réttri leið.

Ekki hefur fjárveitinganefnd tekizt að fá upplýst enn, hvernig séð verður fyrir fjármagni til framkvæmda í raforkumálum á yfirstandandi ári. Mjög hefur dregið úr þeim framkvæmdum á s. l. ári. Við leggjum til, að framlag til raforkusjóðs hækki í 21 millj. kr. og til nýrra raforkuframkvæmda í 15 millj. kr.

Um 17. gr.

Framlag til vatnsveitna hefur verið um nokkurt árabíl 600 þús. kr., en lenti undir niðurskurðarhnífnum s. l. ár. Fjárhæð þeirra mun vera a. m. k. þreföld sú fjárhæð, er frv. gerir ráð fyrir. Til stórra vandræða horfir í kaupþúnum, ef ekki verður hægt að bæta úr aðkallandi vatnsveituframkvæmdum. Mikil nauðsyn er því að ríkissjóður styðji þarna að með fjárframlögum. Við leggjum til, að til vatnsveitna verði varið 1 millj. kr.

Um 20. gr.

Til bygginga og ræktunar á jörðum ríkisins tókum við upp tillögur hlutaðeigandi ráðuneytis, enda bera þær með sér, að þeim fjárhæðum er að mestu leyti ráðstafað. Tillögur okkar eru, að til bygginga á jörðum ríkisins verði varið 2.2 millj. kr. og til ræktunar 250 þús. kr.

Fjárveiting til viðbótarhúsnæðis við ríkisspítalana var lækkuð á s. l. ári.

Byggingarframkvæmdir á viðbótarhúsnæði við landsspítalann hafa nú staðið yfir um nokkurt árabíl. Er nú svo komið, að með auknu fjárframlagi í ár mætti ná þar nokkrum áfanga. Um nauðsyn þess, að svo mætti verða, þarf ekki að ræða, þegar fremstu vísindamönnum okkar á sviði læknavísinda eru búin þau skilyrði að verða

að framkvæma skurðaðgerðir á stað, sem var ætlað að vera inngangur, og þeir eiga varla aðgang að stofu til fataskipta.

Við leggjum til, að þessi fjárveiting hækki um 2 millj. kr. og verði 6.5 millj. kr.

Þá leggjum við til, að fé til flugvallagerðar og öryggistækja hækki í 10320000 kr., og gerum við tillögur um skiptingu þess. Sömuleiðis leggjum við til, að fjárveiting til sjúkraflugvalla hækki og verði 650 þús. kr.

Framlag til atvinnu- og framleiðsluaukningar var á fjárlögum ársins 1957 15 millj. kr. Það var lækkað niður í 10 millj. kr. árið 1959. Það má öllum ljóst vera, að með engu móti er hægt að gera ráð fyrir, að 10 millj. kr. muni nægja til þessara mála á árinu 1960, ef nokkurt tillit á að taka til þarfa. Við leggjum til, að fjárveiting þessi hækki í 17.5 millj. kr.

Fyrir Alþingi liggur nú tillaga til þingsályktunar um kaup á hentugu skipi til sildarrannsóknna og sildarleitar. Væntanlega mundi skipið einnig annast aðra fiskileit og fiskirannsóknir. Það verður að teljast mikil nauðsyn að eignast slíkt skip, búið öllum nútímataækjum. Við leggjum því til, að veittar verði sem fyrsta framlag 5 millj. kr. í þessu skyni.

Meiri hluti fjárveitinganefndar leggur til, að fjárveiting til atvinnu- og framleiðsluaukningar (20. gr. XXII) hækki úr 10 í 14 millj. og skuli 4 millj. ganga til samgöngubóta á landi eftir ákvörðun 5 manna þingkjörinnar nefndar.

Svo sem fram kemur í tillögum okkar, teljum við brýna þörf á að hækka vega- og brúafé meira en þetta, og væri því þessi hækkun spor í rétta átt. En við mótmælum harðlega þeirri aðferð, er hér á við að hafa, að taka ákvörðunarréttinn um, til hvers fénu verður varið, úr höndum Alþingis, og að ekki þurfi einu sinni að leita tillagna vegamálastjóra um skiptinguna. Er þetta spor ríkisstjórnarinnar eitt af mörgum í einræðisátt.

Eru tillögur okkar um hækkaðar fjárveitingar til vega og brúa miðaðar við, að þessi fjárhæð gangi þar inn í.

Samkvæmt okkar sérstöku tillögum, sem lýst hefur verið, og að meðtöldum tillögum fjárveitinganefndar verður niðurstaða á sjóðsyfirliti þessi:

Tekjur og aðrar innborganir:

Inn:	
Samkv. fjárlagafrv.	1 464 704 500
Hækkunartillögur meiri hl. fjvn.	35 000 000
Hækkunartillögur okkar	80 000 000
	<hr/>
	1 579 704 500
Út:	
Samkv. fjárlagafrv.	1 462 872 668
Hækkunartillögur fjvn.	24 950 960
Hækkunartillögur okkar	80 674 900
	<hr/>
	1 568 498 528
Greiðslujöfnuður	11 205 972
	<hr/>
	1 579 704 500

Við viljum að lokum taka þetta fram:

Útgjaldatillögur þær, sem við flytjum, eru við það miðaðar að nota svo mikið sem unnt er af því fjármagni, sem af þjóðinni verður tekið samkv. tillögum stjórnarliðsins, til uppbyggingar og eflingar atvinnulífsins, og að Alþingi, en ekki ríkisstjórnin, ráðstafi fénu, að sjálfsögðu sé þó viðhöfð eðlileg varasemi um áætlanir og séð fyrir óhjákvæmilegum umframgreiðslum, en við það eru tillögur okkar miðaðar.

Í lok nefndarálits okkar framsóknarmanna í fjárveitinganefnd við 2. umræðu fjárlaga 1959 sögðum við þetta:

„Með þessari afgreiðslu efnahagsmálanna er til þess stofnað, að þegar dregur að lokum ársins, ris geigvænleg verðbólguvalda. Því fer svo víðs fjarri, að ráðstafanir núverandi ríkisstjórnar séu heilbrigðar aðgerðir gegn þeirri óheillaþróun, að þær geta ekki meira en (ef þær þá geta það — eins og til virðist ætlazt — skapað svikalogn, sem boðar meira óveður — eftir stutta stund — en nokkru sinni kom áður.

Við mótmælum öllum tillögum slíkra aðgerða.“

Þjóðin ætti ekki að vera í vafa um það nú, hverjir skýrðu henni rétt frá því, sem þá var að gerast og fram undan var í efnahagsmálunum. Því miður lét þjóðin stjórnarliða blekkja sig í kosningunum s. l. sumar. Þess vegna er þjóðarskútan nú stödd í því hafróti í efnahagsmálunum, að ekki verður séð fyrir, hvert það kann að bera hana. Eitt er henni nauðsynlegt. Það er að halda vöku sinni og láta ekki blekkjast á ný, svo að hún geti, þegar óveðri slotar, hafið þar uppbyggingu, sem nú er horfið frá, og sótt fram til bættra lífskjara.

Alþingi, 15. marz 1960.

Halldór E. Sigurðsson, Halldór Ásgrímsson. Garðar Halldórsson.
frsm.